

Kennari	Sigríður Albertsdóttir	Sk.st.	SAL
---------	------------------------	--------	-----

Ritun og málnotkun

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður fjallað um upphaf íslenskrar ritmenningar og elsta tímabil íslenskrar bókmenntasögu, þ.e. miðaldabókmenntir. Unnið verður með grundvallarhugtök ritunar og málnotkunar. Undir það falla t.d. grunnhugtök í málfræði, setningafræði og stafsetningu og mismunandi málsnið og stílbrögð í tengslum við ritun. Þá verður farið í meðferð og notkun hjálpargagna og heimilda í tengslum við ritgerðasmíð. Áhersla á fjölbreytt verkefni sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- upphafi íslenskrar ritmenningar
- íslenski bókmenntasögu frá landnámi til siðaskipta
- mismunandi tegundum miðaldabókmennta og nokkrum lykilverkum þess tímabils.
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- helstu hugtökum í ritgerðasmíð
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- uppbyggingu einfaldra heimildaritgerða
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- uppsetningu og frágangi heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa miðaldabókmenntir sér til gagns
- nota hjálpargögn við frágang ritsmíða
- nota heimildir af ýmsu tagi og setja efni þeirra fram í eigin texta með viðeigandi hætti.
- nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- beita málfræðihugtökum og nota málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni

ÍSLE2HS05

Fjarnám

Námsáætlun vorönn 2022



Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu
- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta handbækur um málfar og málfræði
- sýna töluverð tilbrigði í málnotkun
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti

Námsgögn:

Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal. Nota þarf 10. útgáfu frá 2010 eða síðar. Útgefandi er Mál og menning (Forlagið).

Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900 e. Braga Halldórsson, Knút Hafsteinsson og Ólaf Oddsson. Útg. 2008 eða síðar (útg. frá 2005 getur gengið) af Bjarti.

ÍSLE2HS05: Les- og vinnuhefti. Ekki þarf að kaupa heftið, er aðgengilegt á Moodle til útrentunar fyrir þá sem vilja.

Smásögur og annað efni frá kennurum á Moodle.

Lykilorð að Moodle-síðu áfangans er: andlag

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1: (6 vikur)	Farið verður yfir orðflokkan og merkingarleg, beygingarleg og setningarleg einkenni þeirra, staða þeirra í setningum skoðuð og í framhaldi af því, ólík setningarhlutverk. Fjallað verður um uppbyggingu málsgreina, orðaröð og skiptingu setninga í aðal- og aukasetningar og unnin verkefni sem tengjast orðtökum og málsháttum. Farið verður í helstu stafsetningarreglur og greinarmerkjasetningu og unnin verkefni þeim tengd.	Efni frá kennara, á Moodle. Heimalestur og verkefnavinna eftir því sem yfirferð vindur fram, auk námsmatsþátta.	Fimm Moodle-próf í bókmenntum og lesskilningi, tekin í fyrstu 5 kennsluvikunum. (5%) 10 Moodle-próf í málfræði og stafsetningu (10%). Fyrsta prófið verður í 2. viku. Skilaverkefni í setningafræði (10%)
Lota 2: (4 vikur)	Byrjað verður að fjalla um miðaldabókmenntir, f.o.fr. þær sem eru heimildir um heiðinn sið og verkefni þeim tengd unnin.	<i>Ormurinn langi</i> 7-46, 91-92, 141-144, 155-156, 113-123. Efni frá kennara, á Moodle.	Moodle próf úr miðaldabókmenntum (10%) Vikuleg Moodle-próf alla önnina í málfræði og stafsetningu.

ÍSLE2HS05
Fjarnám
Námsáætlun vorönn 2022

		Heimalestur og verkefnavinna eftir því sem yfirferð vindur fram, auk námsmatsþátta.	
Lota 3: (3 vikur)	<p>Rökfærsluritgerð og frágangur heimilda.</p> <p><i>Handbók um ritun og frágang</i> bls. 13, 23-27, 38-53, 67-81, 82-93/96-105, 118-122. Farið verður yfir helstu atriði sem tengjast heimildaskráningu. Nemendur vinna verkefni sem reynir á rétta uppsetningu heimildaskrár.</p> <p><i>Handbók um ritun og frágang</i> bls. 16, 23-27, 38-53, 118-122. Farið í byggingu rökfærsluritgerða og framsetningu tilvísana inni í texta. Nemendur skrifa litla rökfærsluritgerð með heimildum. Ritgerðin skal vera 5 efnisgreinar í allt; inngangur er ein efnisgrein, meginmálið þrjár efnisgreinar og lokaorðin ein. Í meginmálinu þarf að vitna með viðeigandi hætti í þrjár mismunandi heimildir sem kennari gefur upp og setja upp heimildaskrá.</p>	Sjá upplýsingar á Moodle	Heimildaskráning (5%) Rökfærsluritgerð (15%)

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.: 27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 4 af 4

ÍSLE2HS05

Fjarnám


Námsáætlun vorönn 2022




Námsmat og vægi námsmatspáttanna:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Bókmenntir og lesskilningur	Krossapróf á Moodle úr fimm smásögum, tekin á fyrstu 5 vikunum.	5%	
Málfræði og stafsetning	10 Moodle-próf úr orðflokkgreiningu, setningafræði og stafsetningu.	10%	
Próf	Moodle próf í miðaldabókmenntum	10%	
Verkefni	Heimaverkefni í setningafræði	10%	
Rökfærsluritgerð	Rökfærsluritgerð með heimildum	15%	
Verkefni	Heimildaskráning	5%	
Próf	Lokapróf	45%	
Samtals:		100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.			
Annað: Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatspáttum. Skili nemandi hins vegar ekki rökfærsluritgerð fyrirgerli hann rétti sínum til lokaprófs og telst fallinn. Þeir sem skila verkefnum eftir að skilafrestur er runninn út geta vænst þess að vera dregnir niður skv. reglum Íslenskudéildar (sjá Moodle). Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4,0 til að verkefni og próf yflr önnina séu metin til lokaéinkunnar í áfanganum.			

Dagsetning: 17.01.2022


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagsj. eða staðgengils